



Forsætisráðuneytið
Skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála

Reykjavík, 23. janúar 2023

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026

Íslandsdeild Amnesty International fagnar framkominni þingsályktunartillögu.

Íslandsdeild Amnesty International styður að íslensk stjórnvöld tryggi víðtækar stefnumótunaraðgerðir til að takast á við undirrætur umburðarleysis meðal annars með því að stuðla að samræðu á milli ólíkra menningarheima, fræðslu um fjölbreytni og fjölhyggju, og eflingu minnihlutahópa til að nýta sér rétt sinn til tjáningarfrelsis.

Afstaða Amnesty International til hatursorðræðu byggir á 2. mgr. 20. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (héreftir SBSR) sem segir að „[Allur] málflutningur til stuðnings haturs af þjóðernis-, kynþáttar- eða trúarbragðalegum toga spunnið sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi [skuli] bannaður með lögum.“ Ríki eiga að banna hatursorðræðu eins og hún er skilgreind í greininni en mikilvægt er að slík bönn séu sett fram í lögum með nákvæmum hætti. Og beitt þannig að uppfylli kröfur um nauðsyn og meðalhóf í samræmi við 3. mgr. 19. gr. SBSR um leyfilegar takmarkanir á tjáningafrelsi.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar því að nú skuli stefnt að áætlun sem ýtir undir málefnalega umræðu um hatursorðræðu. Deildin lýsir yfir vilja og áhuga til samráðs varðandi aðgerðir í áætluninni og eru fulltrúar hennar reiðubúnir að mæta og gera grein fyrir sjónarmiðum samtakanna. Telur deildin að slíkt samráð kæmi helst til greina í vinnu við 12. og 15. kafla áætlunarinnar er varða aukna fræðslu, upplýsingamiðlun og samráð um hatursorðræðu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila annars vegar og utanríkisstefnu með áherslu á mannréttindi og jafnrétti hins vegar.

Virðingarfyllt

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International